

Sumarliðar Reykjavíkurborgar (MÍR og Hins Hússins)

Styrkur til íþrótt- og æskulýðsfélaga í Reykjavík

Markmið sjóðsins:

Markmið sjóðsins er tvíþætt:

- að fjölga sumarstörfum fyrir ungt fólk á aldrinum 17–25 ára í Reykjavík, og
- að styðja við framkvæmd frístundaúrræða fyrir börn yfir sumartímann á aldrinum 6-12 ára.

Verkefnið samræmist verkefnum Reykjavíkurborgar samkvæmt forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar vegna málefna barna og unglinga og foreldra þeirra, stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 og stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri

Hverjir geta sótt um?

Íþrótt- og æskulýðsfélög (félög) sem hafa aðsetur í Reykjavík. Félögin þurfa að bjóða upp á námskeið fyrir börn á aldrinum 6–12 ára á dagvinnutíma (kl. 08:00–17:00), þegar grunnskólar eru lokaðir vegna sumarleyfa. Námskeiðin skulu vera auglýst á frístundavef Reykjavíkurborgar, fristund.is, fyrir 1. júní ár hvert.

Íþrótt- og æskulýðsfélög sem veitt hafa styrk vegna sumarliða viðtöku en vanefnt skyldu sínar samkvæmt samningi og/eða reglum Reykjavíkurborgar fyrirgera rétti sínum til að sækja um frekari styrkveitingar í a.m.k. 2 ár frá vanefnd.

Umsóknir

Umsókn skal skilað með rafrænum hætti í gegnum vef Hins Hússins og skal hún bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á: 1. upplýsingar um umsækjanda 2. nafn þess sem annast samskipti við Hitt Húsið, 3. lýsingu á fyrirhuguðu sumarnámskeiði (fyrir hverja, hvenær o.s.frv.).

Hafi umsækjandi áður fengið sambærilegan verkefnastyrk frá Reykjavíkurborg þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkjafjárins til að ný umsókn verði tekin til umfjöllunar.

Lágmarkskröfur

Sumarliðar þurfa að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Vera á aldrinum 17–25 ára (miðað er við fæðingarár).
- Vera með lögheimili í Reykjavík.
- Vera með hreint sakavottorð í samræmi við æskulýðslög.

- Ungmennni geta ekki verið í starfi sem sumarliði hjá tveimur félögum á sama ári eða ekki meira en nemur samtals 8 vikna ráðningu í 100% starfi.

Félag skuldbindur sig til þess að:

- Auglýsa sumarnámskeiðin eftir bestu getu og á fristund.is fyrir 1. júní ár hvert.
- Halda námskeið fyrir börn á aldrinum 6–12 ára á dagvinnutíma (kl. 08:00-17:00).
- Ráða einstaklinga sem fullnægja skilyrðum til að vera sumarliðar til að starfa á sumarnámskeiðum á sínum vegum.
- Upplýsa að um styrk frá Reykjavíkurborg sé að ræða þegar minnst er á verkefnið í ræðu eða riti.
- Skila inn lokaskýrslu þar sem farið er yfir sumarið; verkefni sumarliða, fjölda iðkenda, fyrirkomulag námskeiða o.s.frv.
- Skila inn afriti/um af þeim ráðningarsamningi/um sem gerðir voru á grundvelli styrkveitingar og upplýsingum úr skráningarkerfum þriðja aðila um staðfestan þátttakendafjölda á sumarnámskeiði eða aðra sambærilega og jafngilda staðfestingu þátttakenda.

Ráðningar:

- Lengd tímabundinnar ráðningar skal vera á bilinu 4–8 vikur.
- Starfshlutfall sumarliða skal að öllu jöfnu vera 100%. Starfshlutfallið má aldrei vera lægra en 50%. Ef starfshlutfall er lægra en 100%, skal heildarráðning samsvara að lágmarki 4 vikna starfi.
- Tryggja skal að sumarliðar séu með hreina sakaskrá í samræmi við æskulýðslög **áður** en ráðningarsamningur er undirritaður.
- Félög gera ráðningarsamninga við sumarliða sem báðir aðilar skrifa undir.
- Félög sjá til þess að upplýsa sumarliða um nýtingu uppsafnaðs persónuafsláttar og senda þeim leiðbeiningar um hvernig hægt sé að sækja um og nýta hann.
- Félög skulu reyna eftir fremsta megni að hafa kynjahlutföll sumarliða jöfn.
- Laun sumarliða skulu að lágmarki vera samkvæmt samkomulagi borgarinnar við Sameyki, lágmarkslaun fyrir 17 ára skulu að lágmarki nema fjárhæð kr. **X** á mánuði og lágmarkslaun fyrir 18-25 ára skulu að lágmarki nema fjárhæð kr. **X** á mánuði.
- Styrkinn skal nota til að greiða grunnlaun starfsmanns og launatengd gjöld en yfirvinna og önnur viðbótarrettindi eru á ábyrgð félagsins.
- Sumarliðar skulu að meginstefnu til starfa við að leiðbeina og sjá um börn á sumarnámskeiðum og undirbúa framkvæmd og frágang þeirra. Ef ætlunin er að sumarliði vinni önnur störf að hluta, svo sem við þrif, ræstingu, vallarvinnu eða rekstur húsnæðis skal félag gera grein fyrir hlutfalli þeirra starfa í umsókn og gera grein fyrir í lokaskýrslu.

Umsjón með styrkveitingum

Hitt Húsið veitir styrktarumsóknum viðtöku og annast samskipti við umsækjendur f.h. Reykjavíkurborgar.

Að umsóknarfresti liðnum verða umsóknir rýndar miðlægt af hálfu fulltrúa Hins Hússins í samráði við mannauðssvið MÍR. Skal þá lagt mat á styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir verkefnið og gera tillögur um veitingu styrkja sem skulu samþykktar af sviðsstjóra Menningar- og íþróttasviðs og lagðar fram fyrir Menningar- og íþróttaráð til kynningar ef þess er óskað af hálfu ráðsins.

Hafa skal hliðsjón af stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, við mat á umsóknum og úthlutun styrkja. Við mat á umsóknum skal, auk þess að kanna lágmarkskröfur, taka mið af eftirtöldum atriðum:

- hversu vel boðin sumarnámskeið samræmast stefnum borgarinnar
- hversu vel áætluð vinna fyrir sumarliða samræmist markmiði verkefnis
- áætlaðri aðsókn í boðin sumarnámskeið (er þá eðlilegt að líta t.d. til staðfests iðkenda fjölda fyrri ára vegna sambærilegra námskeiða ef slíkum upplýsingum er til að dreifa og upplýsinga um barnafjölda í hverfi þar sem boðið sumarnámskeið á að fara fram)
- hvernig fyrra samstarf við umsækjanda gekk, sé slíkri reynslu til að dreifa
- fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Þegar styrktarsamningur er kominn á sér Hitt Húsið um ut anumhald og eftirlit líkt og nánar er kveðið um í skilmálum styrktarsamnings.